

MÓTTEKIÐ

18. MAR. 2024

Norðurþing

Norðurþing
Pósthólf 54
640 Húsavík

Akureyri 13. mars 2024

Fundarboð

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs boðar hér með til fulltrúaráðsfundar sjóðsins, **fimmtudaginn 11. apríl nk. kl. 16:30**. Fundurinn verður rafrænn. Hlekkur á fund og upplýsingar um atkvæðagreiðslu verða sendar fulltrúum í tölvupósti þegar nær dregur fundi.

Samkvæmt grein 3.7 í samþykktum skal stjórn sjóðsins kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar þar sem málefni sjóðsins eru rædd. Á fundinum verður m.a. farið yfir lykiltölur, breytingar á samþykktum undirbúnar fyrir ársfund og tilnefningar í stjórn sjóðsins staðfestar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast í kjarasamninga.

Fulltrúaráðið er skipað þeim sem tilnefndir voru á ársfund sjóðsins þann 3. maí 2023 sem fulltrúar þeirra aðildarfélaga, sem að sjóðnum standa. Aðilar í fulltrúaráði frá ársfundinum eða varamenn þeirra hafa atkvæðisrétt á fulltrúaráðsfundum. Þess er hér með óskað að fulltrúi ykkar verði boðaður á fundinn.

Tilnefndur fulltrúi á síðasta ársfundi var: **Katrín Sigurjónsdóttir**

Drög að dagskrá fundarins eru eftirfarandi:

- Setning fulltrúaráðsfundar
- Lykiltölur úr afkomu
- Starfskjarastefna
- Staðfesting tilnefninga í stjórn
- Umfjöllun um breytingar á samþykktum
- Önnur mál

Nánari upplýsingar veitir **Kristín Hilmarsdóttir** (kristin@stapi.is).

Með bestu kveðju,
Fh. stjórnar Stapa lífeyrissjóðs

Jóhann Steinar Jóhannsson